

3. gr.

Stofnfé stofnunarinnar er ofangreindur jarðarpartur eins og hann hefur verið markaður og verður honum ekki ráðstafað til annarra nota en landeigendur hafa ákveðið.

4. gr.

Forræði stofnunarinnar, innan þess ramma sem settur er með ráðstöfunum landeigenda, er í höndum þriggja manna stjórnar. Tilnefnir hreppsnefnd Skilmanna-hrepps einn, stjórn Skógræktarfélags Skilmannahrepps einn, en aðalframkvæmdastjóri Íslenska járnblendifélagsins h.f. að Grundartanga sé hinn þriðji og sé hann formaður stjórnarinnar.

5. gr.

Íslenska járnblendifélagið hefur tekið að sér að græða skóg í áðurnefndum jarðarparti með þeim skilmálum, sem landeigendur hafa sett. Ber stjórn stofnunarinnar að fylgjast með þeirri ræktun og birta árlega skýrslu um skógræktarstarfið og árangur þess.

6. gr.

Verði tekjur af landinu umfram kostnað við gæslu þess og rekstur, skal þeim varið til frekari skógræktar í sveitinni eftir ákvörðun stjórnarinnar.

S A M Þ Y K K T

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930.

1. gr.

1. málsgrein 79. gr. orðist svo:

Veitingastaði, þar sem fram fer sala heitra máltíða, heitra sérretta eða fjölbreyttra kaffiveitinga, skal heimilt að hafa opna frá kl. 06.00 til 03.00, enda sé slík sala meginhluti rekstrarins að dómi heilbrigðisnefndar. Allir gestir sem eigi hafa þar náttstað, skulu hafa farið út eigi síðar en $\frac{1}{2}$ stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er, ef þeir fá náttstað á veitingastaðnum eftir lokunartíma. Lögreglustjóri getur heimilað, að skemmtanir megi standa lengur en að framan greinir, ef sérstaklega stendur á. Ennfremur mega brúðkaup og önnur boð standa fram yfir hinn tiltekna tíma.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 16. júlí 1979.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 9. júlí 1979.

Steingrímur Hermannsson.

Ólafur W. Stefánsson.